

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2017

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á búvörulögum og búnaðarlögum.

Félag atvinnurekenda hefur móttengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum nr. 99/1993 og búnaðarlögum nr. 70/1998 (undanþágur frá ákvæðum samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld o.fl.) – vinnuskjal dagsett 6. mars 2017. Helstu breytingar í frumvarpinu hafa með það að gera að afnema undanþágu mjólkuriðnaðarins frá ákvæðum samkeppnislaga, stuðla að virkri samkeppni þeirra sem framleiða mjólkurvörur sem og að afnema ákveðna afbökun á verðlagningu ýmissa mjólkurvara.

Í sem stystu máli þá hvetur FA til þess að frumvarp þetta verði lagt fram og samþykkt í nær óbreyttri mynd. Efnislegar breytingar frumvarpsins hvað ofangreint varðar eru til mikilla bóta og til þess fallnar að stuðla að aukinni samkeppni og miklum ábata neytenda.

Samkeppnislagaþrot teljast almennt til refsiverðrar háttsemi. Um er að ræða athæfi sem samfélagið hefur talið svo ámælisvert að það sæti refsingu þeirra sem verða uppvísir að því. Það hefur því sætt langvarandi furðu að slík brot ákveðinna aðila séu undanþegin refsingu þessari enda algerlega á huldu hvernig afleiðingar þeirra og eðli eru í þessum tilfellum frábrugðin því sem almennt á við. Með umræddu frumvarpi er bætt úr þessum meinbug á núverandi lögum. Þar með er stuðlað að auknu jafnræði, aukinni samkeppni og bættri almennri réttarvitund.

Verðlagning mjólkurvara hefur undanfarna áratugi verið afskaplega furðuleg. Hefur þar verið á ákveðnum vörum verið haldið niðri með því að hækka verð á öðrum vörum, oftast en ekki þeim þar sem engar staðkvæmdarvörur eru til staðar. Þessi verðtilfærsla er sérstaklega óeðlileg og skaðleg fyrir neytendur og markaðinn í heild. Hún er auk þess ógagnsæ, gerræðisleg og stuðlar að verðmætasóun. Því ber því að fagna að með frumvarpinu sé undið ofan af þessu fyrirkomulagi. Þessi breyting mun eðlilega hafa það í för með sér að þær vörur sem áður voru undirverðlagðar muni hækka í verði og þær sem voru yfirverðlagðar muni lækka. Það er rétt. Mestu máli skiptir að verðlagning þessara vara taki mið af kostnaði við framleiðslu þeirra og að sumum neytendum verði ekki gert að bera kostnað annarra neytenda.

Að endingu er mikilvægt að koma stuttlega að sölu markaðsráðandi afurðastöðva á hrámjólk til óháðra framleiðenda. Það er gríðarlega mikilvægt skref að tryggja

rétt þessara aðila í þeirri takmörkuðu og vanstilltu samkeppni sem enn þrífst þrátt fyrir yfirgang þeirra aðila sem stjórna markaðnum. Nái frumvarpið fram að ganga er hagur þessara aðila bættur að ákveðnum hluta. FA bendir þá á að mikið sé enn ógert í því að ná fram raunverulegri samkeppni og leysa þar með úr læðingi þá krafta sem þar búa, með tilheyrandi ávinningi fyrir þjóðina í heild.

Frumvarpið sem um ræðir er enn í drögum og er þar að finna nokkrar stafsetningar- og málfarsvillur. FA gerir ráð fyrir að þær muni hverfa við frekari yfirlestur. Þá er að finna rangar tilvísanir milli lagagreina í skýringartexta frumvarpsins sem gengið er út frá að verði lagað. Að því sögðu ítrekar FA þá afstöðu sína að efni frumvarpsins sé til mikilla bóta og að rétt sé að leiða það, að sem mestu óbreytt, í lög.

Virðingarfyllst,



Páll Rúnar M. Kristjánsson hrl.